

27

25. febr.

AUGLÝSING

um greiðslur sjúkrasamlaga fyrir læknisverk.

Að gefnu tilefni er vakin athygli stjórnna sjúkrasamlaga á því, að sjúkrasamlögum er óskilytt, nema sérstaklega sé um annað samið, að greiða læknum, hvort heldur eru héraðslæknar eða aðrir læknar, hærri gjöld fyrir læknisverk á vegum samlaganna en samkvæmt því, sem fyrir er mælt í hinum opinberu læknagjaldskrá, þ. e. gjaldskrá fyrir héraðslækna (auglýsingar nr. 2 11. janúar 1933, nr. 30 1. marz 1943 og nr. 15 6. febrúar 1952 og auglýsing dags. í dag) og gjaldskrá fyrir lækna, aðra en héraðslækna (auglýsing nr. 102 23. október 1933).

Heilbrigðismálaráðuneytið, 25. febrúar 1955.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

28

1. marz

AUGLÝSING

um breytingar á lyfjaverði.

Lyf og vinna samkvæmt lyfsöluskrá I frá 1. marz 1954 skal frá og með 1. marz 1955 hækka um 5% frá greindu verði í þessari lyfsöluskrá.

Enn fremur leiðréttist eftirfarandi verð í lyfsöluskrá II frá 1. sept. 1954 þannig:

Benadryl, P. D. C., Caps. x 50 kr. 28.30

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 1. marz 1955.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

29

3. marz

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sveins Gunnarssonar og Margrétar Árnadóttur frá Mælifellsá, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. marz 1955.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs hjónanna Sveins Gunnarssonar og Margrétar Árnadóttur frá Mælifellsá í Skagafirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sveins Gunnarssonar og Margrétar Árnadóttur frá Mælifellsá.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Árna Sveinssyni frá Mælifellsá í Skagafirði til minningar um foreldra hans.

3. gr.

29

Stofnfé sjóðsins er 10 000 — tíu þúsund — krónur, og hefur Árni Sveinsson afhent Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra féð. Sjóðurinn skal vera í vörzlu félagsins, og skal stjórn sjóðsins ávaxta fé hans á tryggan hátt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja lamað og fatlað fólk.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og gjafir, er sjóðnum kynnu að berast. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Úthlutun styrkja úr sjóðnum má hefjast, þegar höfuðstóll sjóðsins nemur 30 000.00 — þrjátíu þúsund — krónum og mega styrkir þá nema hálfum ársvöxtum sjóðsins, en hinn hluta vaxtanna skal ávallt leggja við höfuðstólinn.

6. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu vera þeir menn, er skipa stjórn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra í Reykjavík á hverjum tíma. Stjórnin skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, og í hana skal færa fundargerðir stjórnarinnar og skrá styrkveitingar úr sjóðnum og annað, er varðar hag hans.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, og skal árlega birta þá í Lögbirtingablaðinu.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 29. desember 1954.

Árni Sveinsson.

S A M Þ Y K K T

30

4. marz

um breyting á jarðræktarsamþykkt fyrir Ræktunarsamþykkt Vestur-Dalásýslu, nr. 70 19. febr. 1947.

18. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Ræktunarsambandið myndar stofnsjóð til vélakaupa.

Stofnfjárhæð hans er kr. 235 000.00. Meðtalið stofnfjárframlag frá Búnaðarsambandi Dalasýslu. Stofnfé stofnsjóðs er:

1. Fast gjald af hverju lögbýli kr. 675.00 á sambandssvæðinu (undanskilin eyjabýli). Tvíbýli telst 2 lögbýli. Alls kr. 63 500.00.
2. Frá Búnaðarsambandi Dalasýslu kr. 12 500.00.
3. Hluta stofnfjárins, allt að kr. 44 000.00, tekur ræktunarsambandið að láni, eftir því sem þörf krefur, vegna vélakaupa sambandsins.
4. Framlög ríkissjóðs til kaupa á ræktunarvélum og vélavinnsluáhöldum samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, renna í stofnsjóð jafnóðum og þau greiðast til vélakaupa ræktunarsambandsins — og nema þannig allt að helmingi stofnfjárins.
5. Auk þessa fjár leggjast í stofnsjóð tekjur þær, sem inn koma samkvæmt ákvæðum 17. greinar samþykktarinnar.